

Íslenskur iðnaður

5. tölublað 18. árg.

Maí 2012

Samtök iðnaðarins

SI



Vaxtarsprotar ársins

Fyrirtækið Valka ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2012 sem er viðurkenning fyrir öflugri uppbyggingu sprotafyrirtækis á síðasta ári. Fyrirtækið meira en þrefaldaði veltu sína milli ára 2010 og 2011 úr tæplega 130 milljónum króna í um 410 milljónir króna. Fyrirtækin Kvikna, ORF Líftækni og Thorice fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Oddný Harðardóttir, iðnaðarráðherra, afhenti Helga Hjálmarssyni, verkfræðingi, stofnanda og framkvæmdastjóra Völku ásamt stjórn og öðrum starfsmönnum fyrirtækisins Vaxtarsprotann 2012 að viðstöddum fulltrúum sprota-



fyrirtækja og stuðningsaðilum atvinnulífsins í Grasagarðinum í Laugardal við hátíðlega athöfn.

Sjá nánar á bls. 4

Tekið var á móti gestum með undurþýðum tónum. Það voru þeir Örn Ýmir, Þorkell Helgi og Aron Steinn úr tónlistadeild Listaháskóla Íslands sem spiluðu á bassa, gítar og saxafón



bls. 2



*Skýr
framúðarsýn
og samvinna*

bls. 3



*Ein og hálf milljón
safnaðist
með sölu á
brjóstabollunni*

bls. 5



*Mikilvægi
nýjársfestinga*

bls. 6



*Stærsti
sölusamningur
Marels í
fiskiðnaði*

bls. 8



*Viðtal við
Magnús
Norðdahl
LS-Retail*

Skýr framtíðar- sýn og samvinna



Katrín Dóra Þrsteinsdóttir
forstöðumaður hugverkeiðnaðar og
mannauðs

Menntamál eru um þessar mundir í brennidepli hjá mörgum af félagsmönnum SI. Fjöldi fyrirtækja er sífellt að leita að starfsmönnum með tilskylda þekkingu. Sé þessi tilskylda þekking ekki í boði verða fyrirtæki að hætta við fyrirhuguð verkefni eða sætta sig við minni framlegð og jafnvel aukinn kostnað við verkefni sem annars ættu að skila bæði fyrirtækinu og þjóðarþúinu virðisauka. Þetta er háalvarleg staða sem dregur úr samkeppnishæfni fyrirtækja okkar.

En hvers vegna er þessi vandi til staðar og hvers vegna er ekki brugðist við honum í menntakerfinu? Það eru flestir sammála um að það sé óásættanlegt að hér sé 7% atvinnuleysi á sama tíma og fyrirtækin leita logandi ljósi að verk- og tæknimenntuðu starfsfólki. Þeir sem líta yfir atvinnuauklýsingar helgarblaðanna hafa eflaust tekið eftir miklum fjölda auklýsinga þar sem leitað er að t.d. forriturum og kerfis- og verkfræðingum.

Það eru í raun engin skynsamleg svör til við því hvers vegna ekki hefur verið brugðist við þótt að lengi hafi verið vitað að þessi skortstaða sé uppi. Um 11% af fjárlögum þjóðarinnar fara í mennta- og menningarmál og um a.m.k. 50% af almennu rekstrarféi sveitarfélaganna en kerfið er þunglamalegt og aukinnar langtímahugsunar er þörf til að koma á breytingum. Svo dæmi sé tekið þá mun unga fólkið okkar sem hefur framhaldsskólanám haustið 2012 ljúka fyrstu háskólagráðu vorið 2020. Og það er ljóst að langtímahugsun er ekki sterkasta hlið þeirrar pólitísku ákvarðanatöku sem stefna þjóðarinnar í menntamálum byggir á.

SI hefur lengi unnið að ýmsum menntatengdum verkefnum í samvinnu

við fjölmarga aðila. Mikil áhersla hefur verið á iðn- og verknám og er aðkoma SI að Íslandsmótinu í iðn- og verkgreinum dæmi um velheppnað áttak sem vaxið hefur ár frá ári.

SI hefur nýverið hafið samvinnu við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga um að móta aðgerðaaætlun með það að markmiði að efla tækni- og raunvísindamenntun og áhuga grunnskólanemenda með sérstakri áherslu á 5., 6. og 7. bekk. Í menntamálaráðuneytinu er stefnan mörkuð með námskrám og því kerfi sem fjármagni er úthlutað eftir. Sveitarfélögin 75 reka síðan grunnskólana og eru því óneitanlega ráðandi í áherslum í þeim. Þó svo að fyrirtækin í landinu komi ekki beint að ákvarðanatöku varðandi skóla landsins geta þau lagt mikið af mörkum ef allir leggjast á eitt. Við bindum því miklar vonir við þetta samstarf og viljum gera okkar besta til að vel takist til með framtíðina í huga.

SI koma einnig að eða standa fyrir fleiri verkefnum sem hagsmunahópar innan Samtakanna vinna að. SUT, samtök upplýsingatæknifyrirtækja, eru aðilar að metnaðarfullu verkefni Fjölbrotaskólans í Breiðholti og Verslunarskóla Íslands um að þróa námsbraut á upplýsingatæknisviði. Að verkefninu koma einnig tölvunarfræðideildir Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Virkt samstarf einmitt þessara aðila teljum við að sé lykillinn að því að byggja upp áhugaverða námsbraut bæði fyrir nemendur og atvinnulífið.

Annað áhugavert tilraunaverkefni sem er á teikniborðinu er TækniFæri, einnig í boði SUT, þar sem völdum grunnskólum verður boðinn gestakennari í tvöfaldan enskutíma þar sem kennsla í leikjafor-

ritun og ensku verður samþætt með það að markmiði að kveikja áhuga nemenda á upplýsingatækni.

Iðn- og verknám er SI mikið hagsmunamál en mikil vinna hefur verið lögð í hjá ráðuneyti menntamála undanfarna mánuði að móta þar framtíðarstefnu og leggur SI sig fram um að koma sínum áherslum að í þeirri vinnu eins og kostur er. Samhliða því hefur verið úthlutað úr vinnustaðanamssjóð menntamálaráðuneytisins tvisvar sinnum. Sjóðurinn er nýjung og bundnar mikilar vonir við að hann verði til þess að fleiri fyrirtæki taki á móti nemum og leggi metnað í að vanda til verka. Sá flöskuháls sem myndast hefur af því að fyrirtæki sjá sér ekki fært að taka nemendur á samning er verkefni sem atvinnurekendur þurfa að leysa ef ætlunin er að kveikja áhuga unga fólksins á slíku námi og tryggja framtíðarvinnuafli þessara mikilvægu greina.

Til að við náum að breyta áherslum í menntamálum þurfa allir að leggja sitt af mörkum, nemendur, foreldrar, kennarar og skólastjórnendur, fyrirtækin, sveitarfélögin og ráðuneytið. Það er mikil áskorun að standa þannig að hlutunum að þegar unga fólkið, sem nú er að velja sér námsbrautir í framhaldsskóla og háskóla kemur út í atvinnulífið að 7 til 10 árum liðnum hafi þeim sem hafa starfsmenntun innan verk- og tæknigeirans og tækni- og raunvísindamenntun á háskólastigi fjölgað til mikilla muna.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is. Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Hæstiréttur dæmir Íbúðalánasjóð til að greiða félagsmanni SI skaðabætur

Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að Íbúðalánasjóður eigi að greiða byggingafyrirtækinu Norðurvík ehf. skaðabætur vegna ólögðrar kröfu sjóðsins um bankaábyrgð samhliða lánveitingu úr sjóðnum. SI studdu Norðurvík ehf. með rekstur dómsmálsins.


Málavextir voru þeir að Norðurvík ehf. hafði í október 2008 sótt um lán hjá Íbúðalánasjóði til að fjármagna byggingu raðhúsalengju að Lyngholti í Norðurbíngi. Umsóknirnar voru fjórar og bárust þær Íbúðalánasjóði í október 2008. Óumdeilt er að við meðferð umsóknanna hafi Íbúðalánasjóður farið fram á það að fyrirtækið legði fram bankaábyrgð til tryggingar á greiðslu lánanna. Norðurvík ehf. reiddi af þeim sökum fram fjórar ábyrgðaryfirlýsingar frá Glitni banka. Til að afla þessara yfirlýsinga þurfti fyrirtækið að greiða bankanum 628.368 krónur.

Í apríl 2010 óskuðu SI eftir því fyrir hönd Norðurvíkur ehf. að Íbúðalánasjóður upplýsti á hvaða lagagrundvelli farið hefði verið fram á umrædda bankaábyrgð. Þessu erindi var svarað þar sem fram kemur að stjórn Íbúðalánasjóðs hefði ákveðið í febrúar 2008 að taka að nýju upp skilyrði um bankaábyrgð byggingaraðila og hafi sú ákvörðun tekið gildi 23. febrúar 2008. Um lagaheimild var vísað til 18. gr. laga nr. 44/1998 um

húnæðismál, þar sem stjórninni er falið að setja reglur um veðhæfni og greiðslugetu skuldara, auk þess sem skírskotað var til þess að stefndi væri sjálfstæð ríkisstofnun.

Með reglugerð nr. 300/2006, sem tók gildi 18. apríl 2006 og sett var með stoð í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húnæðismál, var felld úr gildi sú reglugerð er gerði það að skilyrði að byggingaraðili legði fram ábyrgð frá viðurkenndri fjármálastofnun. Óumdeilt er að upp frá því var hætt að gera það að skilyrði lánveitingar til byggingaraðila að hann legði fram ábyrgðaryfirlýsingu frá viðurkenndri fjármálastofnun. Með reglugerð sem tók gildi 22. apríl 2009 var síðan aftur gerð sú krafa að byggingaraðili legði fram fyrrnefnda ábyrgðaryfirlýsingu.

Hæstiréttur féllst ekki á túlkun Íbúðalánasjóðs og taldi að valdmörk stjórnar Íbúðalánasjóðs einskorðuðust við að setja viðmiðunarreglur um veðhæfi fasteigna og greiðslugetu skuldara. Þau næðu ekki til að gera almenna kröfu til lántaka um að hann legði fram ábyrgðaryfirlýsingu frá fjármálastofnun er kæmi í stað mats á greiðslugetu hans. Samþykki stjórnar skorti því stoð í fyrrnefndri 18. gr. laga laga um húnæðismál. Var því Íbúðalánasjóður dæmdur til að greiða Norðurvík skaðabætur.



Ein og hálf milljón safnaðist með sölu á brjóstabollunni

Landssamband bakameistara, LABAK, stóð fyrir sölu á brjóstabollum í bakaríum um allt land dagana 10 – 13. maí til stuðnings styrktarfélaginu Göngum saman. Fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar brugðust vel við og buðu upp á brjóstabollur með kaffinu frá fimmtudegi til sunnudags um mæðradagshelgina. Alls söfnuðust 1.500.000,- krónur með sölu á brjóstabollunni þessa daga. Jóhannes Felixson, formaður LABAK, afhenti Gunnhildi Óskarsdóttur, formanni Göngum saman, styrkinn á aðalfundi félagsins á dögnum.

Göngum saman efndi til hressingargöngu víða um land á mæðradaginn. Gangan var vel heppnuð og þátttaka góð um



allt land þrátt fyrir að veður hefði mátt vera betra en alls tóku um 1400 manns þátt í göngum félagsins.

Styrktarfélagið Göngum saman styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini og úthlutar styrkjum í október ár hvert. Félagið var stofnað haustið 2007 og hefur frá stofnun veitt íslenskum rannsóknaraðilum á sviði brjóstakrabbameins um 22 milljónir króna í styrki. Göngum saman leggur áherslu á mikilvægi hreyfingar til heilsuefingar og til að afla fjár í styrktarsjóð félagsins.

Vaxtarsprotar ársins

framhald af forsiðu



Valka ehf. var stofnað árið 2003 af Helga Hjálmarssyni verkfræðingi sem er jafnframt framkvæmdastjóri fyrirtækisins en þar starfa nú 14 manns.

Framleiðsla á tækjum Völlu er að mestu leyti unnin af íslenskum verktökum. Valka ehf. er hátækniyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslur. Valka býður margskonar lausnir og búnað allt frá stökum vogum, innmötunarvélum og flokkurum yfir í heildarkerfi með heilfiskflokkurum, flæðilínum og þökkunarkerfi. RapidFish hugbúnaðurinn er einfalt en öflugt framleiðslustjórnar- og pantana-kerfi fyrir fiskvinnslur og sölufyrirtæki.

Nýverið kynnti Valka nýja röntgenstýrða beinaskurðarlínu sem er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Eftirspurn eftir sjálfvirkum beinaskurði er mjög mikil og er því reiknað með að sú lína muni styðja enn frekar undir framtíðarvöxt félagsins.

Valka byggir þróunarstarf sitt á nánu samstarfi fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi og hefur m.a. notið stuðning AVS-sjóðsins í því sambandi. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur einnig tekið þátt í uppbyggingarstarfi fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur tvisvar áður hlotið viðurkenningu Vaxtarsprotans fyrir góðan vöxt.

Nánar um fyrirtækin sem hlutu viðurkenningu

ThorIce ehf. er stofnað 2003 af Þorsteini Inga Víglundssyni, en hann er framkvæmdastjóri og eini fastráðni starfsmaður fyrirtækisins en fyrirtækið byggir mikið á undirverktakastarfsemi. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og sölu á ískrapavélum og öðrum sérhæfðum kælibúnaði til þess að auka geymsluþol og gæði á fiski og öðrum matvælum.

Fyrirtækið hefur þróað ískrapastrokka, ískrapavélar og annan búnað og markaðssetur hann víða um heim. Í dag er erlend sala meira en 90% af sölu ThorIce ehf. Fyrirtækið hefur þróað markvisst og tryggt sér leiðandi stöðu á sínum markaði.

ORF Líftækni hf. er stofnað árið 2001 af þeim Birni Örvvari, Einar Mäntylä og Júlíusi B. Kristinssyni sem allir starfa enn í fyrirtækinu.

ORF Líftækni er vaxandi nýsköpunarfyrirtæki á sviði líftækni sem er leiðandi í framleiðslu hágæða sérvirkra próteina fyrir lækningarsóknir, húðvörur og líftækniíðnað. Með þróun og nýtingu á einstakri framleiðsluáðferð sinni, sameindaræktun í byggi, stefnir ORF Líftækni að enn frekari uppbyggingu sem hátækniyrirtæki í fremstu röð á alþjóðlegum markaði. Hjá ORF Líftækni starfa nú um 40 manns.

Kvikna ehf. Kvikna var stofnað síðla árs 2008 af þeim Garðari Þorvarðssyni, Heiðari Einarssyni, Guðmundi Haukssyni og Hjalta Atlasyni. Kvikna sérhæfir sig í gerð hugbúnaðar sem krefst mikillar tæknilegrar þekkingar. Fyrirtækið býður upp á hugbúnaðarþjónustu auk þess að þróa eigin vörur. Helstu viðskiptavinir hugbúnaðarþjónustunnar eru í Noregi og Bandaríkjunum og er þar um að ræða ýmsan hugbúnað tengdan olíuíðnaði og hugbúnað fyrir lækningatæki.

Frumkvöðlarnir starfa allir hjá fyrirtækinu, en alls eru starfsmenn ellefu. Kvikna hefur notið stuðnings Tækniþróunarsjóðs í þróunarstarfi sínu.

ReMake Electric hyggst tvöfalda starfsmannafjölda

Upplýsinga- og hátækniyrirtækið ReMake Electric hefur undanfarið verið í samstarfi við franska stórframleiðanda raföryggisvara við að fullþróa vörur sínar fyrir raforkumælingar. Er nú ReMake á lokastigum þess að ganga frá nýjum samningi við franska framleiðandann eftir árangursríkt samstarf. Samningurinn er hugsaður til þess að koma vörum ReMake Electric í sölu á alþjóðlegum markaði. Vörurnar verða kynntar undir merkjum franska framleiðandans en með samningnum ættu vörur ReMake að geta orðið leiðandi á heimsmarkaði fyrir heimili og fyrirtæki" segir Hilmir Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri ReMake.

ReMake hefur sömuleiðis þróað hugbúnaðinn eTactica sem er veflægt orkustjórnunarkerfi. Hugbúnaðurinn var fyrr á árinu í öðru sæti á eftir búnaði frá Siemens í European Smart Metering Awards. Var það í flokki um besta hugbúnað í Evrópu fyrir orkustjórnun en umræddur búnaður ReMake Electric hefur verið þróaður undir stjórn Axels Gunnlaugssonar, upplýsingastjóra ReMake.



Stefnt að tvöföldun starfsmannafjöldans

Hjá félaginu starfa nú 16 manns en nú stefnir í að starfsmannafjöldinn tvöfaldist á næstu mánuðum. Bæði þarf að bæta við fólki á sölu- og markaðssviði en þó ekki síður við hugbúnaðarþróun.

ReMake Electric var stofnað árið 2009 af Hilmir Inga sem einnig er framkvæmdastjóri félagsins. Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010 og hlutdeild sjóðsins er 18%. Hlutfjár- aukning varð hjá félaginu í byrjun árs þegar Eyrir Invest og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ásamt smærri hluthöfum juku við hlutfé sitt í fyrirtækinu. Eftir hlutfjár- aukninguna á Eyrir Invest 26,2% í fyrirtækinu og er annar stærsti hluthafinn í dag.

Mikilvægi nýfjárfestinga



Nýfjárfestingar og mikilvægi þeirra voru efst á baugi á velheppnuðum fundi Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins í apríl. Fjallað var um opinberar fjárfestingar í ljósi rammaáætlunar, samgönguáætlunar og nýs Landspítala.

Í upphafi fundar kynnti Bryndís SKÚladóttir, forstöðumaður umhverfismála hjá SI Rammaáætlun, undirbúning og aðdraganda og þá faglegu aðferðarfræði sem einkennt hefur undirbúningsferlið sem hófst árið 1999. Að mati Bryndísar

biðu fagleg vinnubrögð skipbrot þegar stjórnvöld rufu hina faglegu undirbúningsvinnu á síðustu metrunum. „Það sem við hjá Samtökum iðnaðarins gagnrýnum er að þarna á lokametrunum fer vinnan úr höndum faglega ferlisins og í pólitískan farveg. Þetta er hættulegt fordæmi. Nú má búast við að þegar kemur að endurnýjun áætlunarinnar munu stjórnvöld sem þá eru við völd, hvernig sem sú skipan verður, nýta sér þetta fordæmi og taka málin í sínar hendur á lokametrunum. Traust til áætlunarinnar bregst.

Mikilvægi faglegra vinnubragða er sett í annað sæti. Sáttin og langtímasýnin sem var megintilgangur Rammaáætlunar er í hættu.“

Kristján L. Möller, formaður atvinnuveganefndar Alþingis gerði grein fyrir opinberum fjárfestingum og atvinnusköpun. Hann minntist m.a. á nokkur verkefni sem rætt hefði verið um að ráðast í með þátttöku lífeyrissjóðanna. Hann sagði að það hefði verið rétt ákvörðun hjá stjórnvöldum að hafna tilboði lífeyrissjóðanna að fjármagna framkvæmdir á Suðvesturlandi. Sjóðirnir hefðu krafist 3,9% ávöxtunar og álags sem hefði skilað þeim 4,25% ávöxtun. Stjórnvöld hefðu viljað miða við skuldabréfaflokk á markaði sem í dag skilaði 2,68% ávöxtun.

Þá gerði Gunnar Svavarsson, formaður byggingarnefndar um nýjan Landspítala grein fyrir undirbúningi Nýs Landspítala. Samkvæmt honum er verkefnið komið það langt á veg að nú þurfi stjórnmalamenn að kveða upp úr hvort eigi að ráðast í framkvæmdir.

Heiðrún Jónsdóttir stjórnarmaður í Gildi lagði áherslu á að hinu opinbera beri að nálgast lífeyrissjóðina faglega sem fjárfesta. Það sé skýrt afmarkað í lögum með hvaða hætti lífeyrissjóðir mega ávaxta fé sitt. Hver og einn sjóður skoðar sjálfstætt þá fjárfestingarkosti sem í boði eru og horfa til verkefnisins í heild þ.m.t. arðsemi, tryggingar og eiginfjár verkefnisins. Vel valdar fjárfestingar eru til þess fallnar að auka hagvöxt og atvinnustig.


Að loknum framsögum kynntu Bjarni Benediktsson, Sjálfstæðiflokkki, Sigurður Ingi Jóhannesson, Framsóknarflokkki, Magnús Orri Schram, Samfylkingu og Björn Valur Gíslason, Vinstri grænum afstöðu þingflokka til verkefnanna.



Samkomulag um eflingu grunntentunar í tækni- og raunvísindum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök iðnaðarins hafa gert með sér samkomulag um eflingu menntunar í tækni og raunvísindum á miðstigi grunnskóla. Samstarfsaðilar eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Námsmatsstofnun. Þessir aðilar munu leggja fram fé og mannafla til að vinna greiningu á núverandi stöðu menntunar í tækni- og raunvísindum hér á landi og í samanburði við önnur lönd. Í framhaldinu verður unnin áætlun um aðgerðir sem eru til þess fallnar að auka hæfni grunnskólanemenda á þessu sviði.

Víðtækt samráð verður haft um framkvæmd verkefnisins og lögð verður áhersla á að vinna að samstöðu og samábyrgð hagsmunaaðila og byggja þannig grunn að samstarfi þeirra til framtíðar.



Stærsti sölusamningur Marels í fiskiðnaði

Um er að ræða nýja flæðilínu fyrir hvítfisk sem verður sérstaklega sniðin að þörfum kínverskra fiskframleiðenda. Flæðilínan er meðal þess hátæknibúnaðar sem Marel sýndi á sjávarútvegs-sýningunni í Brussel. Fjárhæð samningsins samsvarar 1-2% af ársveltu Marel.

Aðstæður á vinnumarkaði og hækkandi framleiðslukostnaður í Kína hefur skapað aukna þörf fyrir sjálfvirkni í verksmiðjum þar í landi. Vöruframboð og lausnir Marel auka framleiðsluhraða, hraefnisnýtingu og -meðferð í fiskiðnaði auk þess sem

Marel býður upp á hugbúnaðarlausnir til öflugri framleiðslustýringar.

Auk Marel komu íslensku fyrirtækin 3X Technology og Skaginn að því að gera þetta nýsköpunarverkefni að veruleika: „Þessar sérsniðnu flæðilínur voru hannaðar sérstaklega fyrir kínverskan markað,“ segir Kristmann Kristmannsson, söluráðgjafi Marel. „Kínverski markaðurinn er að breytast, fyrirtæki sækjast í auknum mæli eftir sjálfvirkum búnaði og tækjum í stað þess að vera með mikinn mannafla í framleiðslu. Við hjá Marel

erum afskaplega ánægð með árangurinn og þær lausnir sem fyrirtækið hefur þróað í þessu samstarfi.“

Sölusamningur sem þessi er til marks um þá stefnu sem Marel hefur fylgt á alþjóðlegum markaði, að leggja enn frekari áherslu á sókn á nýmörkuðum eins og Kína þar sem vöxtur er mikill. Fiskiðnaðarsetur Marel í Qingdao mun gegna lykilhlutverki við uppbyggingu á starfseminni í Kína þar sem miklu skiptir að viðskiptavinir Marel hafi aðgang að þjónustu nálægt sínu starfssvæði.

Áhugi hjá Grænenskum verktökum fyrir gæðakerfi SI



Í byrjun árs barst ósk frá Grænensku atvinnurekendasamtökunum (Grønlands arbejdsgiverforening) um að fá kynningu á gæðakerfi sem Samtök iðnaðarins hafa þróað og boðið félagsmönnum sínum síðastliðin fimm títán ár. Kerfið hefur nú verið þróað sem miðlægt kerfi á vefnum og inniheldur bókasafn með dæmum um verklagsreglur, gátlista, samningseyðublöð, faglegar vinnulýsingar og annað sem tilheyrir stjórnun ásamt gæðahandbók og skjala- og skráarvistunarkerfi

félagsmanna vegna tiltekinna verka. Starfsmönnum Grænensku atvinnurekendasamtakanna höfðu borist ábendingar um ágæti kerfisins frá félagmönnum sínum og óskuðu eftir að starfsmaður SI kæmi yfir til Grænlands og kynnti gæðakerfið og möguleika þess. Á fundinn sem haldinn var í höfuðstað Grænlands, Nuuk, mættu tæplega 30 manns, frá fyrirtækjum og félagasamtökum á staðnum. Á kynningunni sem tók eina klukkustund spunnust miklar umræður

og allmargar fyrirspurnir voru bornar upp. Góður rómur var gerður af ágæti og einfaldleika kerfisins og vakti það sérstaka undrun fundarmanna hve vel hafði tekist að halda kostnaði í lágmarki.

Einn fundarmanna benti á að mánaðarlegur kostnaður áskriftar til félagsmanna á Íslandi samsvaraði þrem bjórglössum á hótelnarum í Nuuk.

Niðurstaða fundarins var að grænensku samtökin mundu skoða hug félagsmanna til að nýta sér fyrirmynd SI að einhverju eða öllu leiti.

Að loknum fundi var starfsmanni SI boðið í kynningsferð um Nuuk á vegum PermaGreen Grønlands a/s sem er stærsta verktakafyrirtækið á Grænlandi. Farið var um íbúðahverfi í byggingu og var ekki annað að sjá og skilja en að mikil uppbygging væri framundan og má ætla að Íslendingar njóti góðs af, því víða voru þeir við vinnu. Það er spurning hvort ekki sé tækifæri fyrir íslenska verktaka að hasla sér völl á mannvirkjavíðinu í Nuuk og ekki mun það skemma fyrir ef grænenski byggingamarkaðurinn fellur fyrir útfærslu Samtaka iðnaðarins á gæðakerfinu.

G. Skúlason og Klafi hljóta D-vottun

G. Skúlason vinnur að málmsmíði, málmvöruggerð og véla-smíði, jafnt viðgerðir sem nýsmíði.

Verkefni hafa frá upphafi aðallega verið þjónusta við sjávarútveg.

Rekstur verkstæðisins hófst árið 1987. Árið 1997 var rekstrinum breytt í einkahlutafélag og 2002 var rekstur vélaverkstæðis Síldarvinnslunnar sameinaður við G. Skúlason jafnframt því sem fyrirtækið Sandblástur keypti sig inn í fyrirtækið. 2003 var Véla-verkstæði Björns og Kristjáns keypt og einnig 1000 fm iðnaðarhúsnæði á Reyðarfirði þar sem hefur verið vaxandi þjónusta við jarðvinnu og byggingaverktaka. Í byrjun árs 2008 seldi G. Skúlason starfstöð sína á Reyðarfirði til dótturfélags síns Launafl.

Starfsmenn eru í dag um 30 talsins.

Klafi ehf. er stofnaður af Íslenska járnblendifélaginu og Norðuráli árið 2000 og vinna þrettán starfsmenn eru við almennan rekstur sem fer fram á hafnarsvæði Grundartangahafnar. Helstu verkefni Klafa eru, upp- og útskipanir fyrir Elkem Ísland og Norðurál, gámaflutningar



Jón Valgeir Jónsson, verkstjóri og Ingibjörgu Bjarnadóttur, öryggis- og gæðastjóra hjá G. Skúlason taka við vottuninni



Ferdinand Hansen gæðastjóri SI með Smára V. Guðjónssyni hjá Klafa

á hafnarsvæði Grundartangahafnar og ýmis véla og flutningavinna á Grundartangasvæðinu. Jafnframt þjónustar fyrirtækið skip, binda þau og losa.



Nýr íslenskur tölvuleikur á markað

Íslenski tölvuleikjaframleiðandinn Fancy Pants Global vinnur nú að þróun á nýjum tölvuleik sem það hyggst markaðssetja á síðari hluta þessa árs. Félagið markaðssetti á síðasta ári leikinn Maximus Musicus en nú hyggst félagið halda áfram á sömu braut. Í fyrra var Maximus Musicus-leikur þess tilnefndur í flokkunum „besti norræni barnaleikurinn“ og „besti leikurinn fyrir lófaleikjatölvur eða snjallsíma“ á Nordic Gametölvuleikjaráðstefnunni. Leikurinn er gerður fyrir iPhone, iPad og iPod Touch og er ætlað að kynna klassíska tónlist fyrir börnum eldri en fjögurra ára. Aðalpersónan, músin Maximus Musicus, er fengin úr barnabók eftir Hallfríði Ólafsdóttur sem þórarinn Már Baldursson myndskreytti. Þau eru bæði í Sífoníuhljómsveit Íslands.

Mjög vaxandi markaður

Fancy Pants Global hefur yfir að ráða talsvert mikilli þekkingu í myndrænni og grafskri vinnslu, sem og öllum sviðum hugbúnaðargerðar, en hjá félaginu starfa 12 manns í dag.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
5. töl. 18. árg. Maí 2012
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 29.5.2012
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plaströkkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orrí Hauksson
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



D-vottun er fyrsti hluti gæðavottunarkerfis SI sem tekið er upp í fjórum áföngum. Í því felst að rekstur fyrirtækis er gerður skilvirkari. Fyrirtækið fer í gegnum stefnumótun þar sem afkoma hvers verks eða vöru er skilgreind. Við þetta eykst framleiðni og fyrirtækin skila meiri hagnaði.

Við erum íslensk og viljum vera íslensk

Vöxtur íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins LS Retail hefur verið með ólíkindum á síðustu árum. Fyrirtækið á í viðskiptum í rúmlega 60 löndum um allan heim, en 98% tekna fyrirtækisins koma erlendis frá. Magnús Norðdahl, forstjóri LS Retail, segir vöxt fyrirtækisins nánast hafa tvöfaldast á síðustu árum og að fyrirtækið skapi þjóðarþúinu útflutningstekjur á við stóran togara. Það sé ekki svo lítið.

Miklir vaxtamöguleikar um allan heim

„Umsvif okkar hafa verið að vaxa mjög hratt og mikið á stöðum þar sem möguleikarnir á enn meiri vexti eru afskaplega góðir eins og í Asíu. Þrátt fyrir litla markaðshlutdeild er þetta svo stór markaður að öll aukning þar skilar okkur umtalsverðum hagnaði,“ segir Magnús. „Þá höfum við verið að ná mjög góðum samningum á mörkuðum sem liggja okkur nær. Við höfum t.a.m. nýlega gert stóran samning við bandaríska fyrirtækið Event Network, sem rekur fjölda verslana um öll Bandaríkin og er í forystuhlutverki í rekstri verslana þar með menningatengda afþreyingu. Þá hefur LS Retail nýlega gert samning við stærsta innanhúsmarkað Evrópu, De Bazaar í Hollandi og við 800 af 1600 apótekum Svíþjóðar, svo fátt eitt sé nefnt.“

Háþróaður afgreiðslu og verslunarhugbúnað

LS Retail hefur starfað hérlendis í rúma tvo áratugi og er afsprengi tveggja fyrirtækja, Strengs og Landsteina. Fyrirtækið þróar og framleiðir háþróaðan afgreiðslu- og verslunarhugbúnað og er í nánú samstarfi við Microsoft, sem er eitt stærsta og virtasta fyrirtæki heims á sviði hugbúnaðar.

Magnús segir að samstarfið við Microsoft geri það að verkum að LS Retail nái til yfir 2.000 viðskiptavina sem keyra á búnaði LS Retail í yfir 40.000 verslunum. Þetta þýði í raun að LS Retail sé stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum í ljósi þess að Microsoft Dynamics NAV er langútbreiddasti viðskiptabúnaðurinn í heiminum í dag.

Aðgerðir nauðsynlegar til að laða að velmenntað ungt fólk

Þrátt fyrir þessi miklu umsvif erlendis fer öll þróunarvinna fram hérlendis og hér á landi starfa nú um 70 manns með víðtæka háskólamenntun. Auk þess eru 12 starfsmenn fyrirtækisins staðsettir í Evrópu, Bandaríkjunum, S-Ameríku og

Fyrirtækið hélt stóra ráðstefnu í Hörpu um miðjan maí þar sem fyrirtækið kynnti starfsemi sína, vörur og helstu nýjungar



Asíu, sem sýnir vel hversu alþjóðlegt fyrirtækið er orðið.

„Við höfum alltaf lagt mikinn metnað í að halda starfsemi okkar hérlendis. Við erum og viljum vera íslenskt fyrirtæki,“ segir Magnús. „Við erum mjög vakandi og opnir fyrir því að ráða nýútskrifað háskólafolk og starfsmenn okkar hafa mjög fjölbreytta og góða menntun.“ Hann segir hins vegar að ástandið í atvinnumálum sé ekki gott um þessar mundir. „Staðreyndin er sú að mikið af ungu fólk lítur orðið til útlanda í meira mæli en áður og vill frekar búa og starfa þar. Svo er það ekki til að bæta úr skák að það er orðið mun erfiðara en áður að laða útlendinga til starfa hérlendis. Þar spilar margt inn í; vinnulöggjöfin vinnur gegn okkur, við erum samfélag sem hefur farið í gegnum hrun og fleira mætti telja til. Stjórnvöld verða að grípa til aðgerða í þessum málum, það er deginum ljósara, ef okkur á að takast að laða hámenntað fólk hingað til lands og ekki síður að halda í okkar velmenntaða unga fólk.“

Góð tengsl við viðskiptavini

LS Retail leggur mikla áherslu á að halda góðum tengslum við viðskiptavini sína og samstarfsaðila. Fyrirtækið hélt stóra ráðstefnu í Hörpu um miðjan maí þar sem fyrirtækið kynnti starfsemi sína, vörur og helstu nýjungar. Rúmlega 200 manns sóttu ráðstefnuna, þar af komu um 150 erlendir gestir frá 33 löndum og segir Magnús að svona samkoma sé gríðarlega mikilvæg fyrir starfsemi LS Retail. „Hérna gefst okkur tækifæri til að hitta samstarfsaðila okkar í eigin persónu. Við getum skipst á reynslusögum og sigrum. Eitt af markmiðum ráðstefnunnar er að auðvelda samstarfsaðilum að selja meira af LS Retail hugbúnaði,“ segir Magnús og bætir við að því megi heldur ekki gleyma að svona alþjóðlegar ráðstefnur séu ekki síður góð landkynning. „Með einni svona ráðstefnu

sýnum við 150 stjórnendum frá 60 löndum að Ísland er ekki bara einstaklega fallett land heldur er það einnig frábær staður til að halda alþjóðlegar ráðstefnur. Svona ráðstefna skapar miklar útflutningstekjur fyrir land og þjóð og skilar tugum milljóna króna inn í þjóðarþúinu,“ segir Magnús að lokum.

Tækni- og iðnfyrirtæki vara við alvarlegum afleiðingum sjávarútvegsfrumvarpa

Eftirtalin tækni- og iðnfyrirtæki, sem þjóna sjávarútvegi sendu frá sér yfirlýsingu 8. maí þar sem þau vara eindregið við alvarlegum afleiðingum þeirra sjávarútvegsfrumvarpa sem lögð hafa verið fram.

„Við hvetjum stjórnvöld til þess að hafa í huga hversu víðtæk áhrif fyrirhugaðar breytingar hafa á tækni- og iðnaðarstarfsemi sem tengist sjávarútveginum. Við hörmum að reynt sé að gefa í skyn að áhrif frumvarpsins líti einungis að fámennum hópi útgerða. Nýleg athugun sjávarklasans leiðir í ljós að rösklega 26% af landsframleiðslunni skýrist með vísan til sjávarútvegs og tengdra greina. Starfsemi flestra tækni- og iðnfyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi hefur þegar orðið fyrir skakkaföllum af þeirri óvissu sem undirbúningur og framkvæmd þessa máls hefur leitt af sér.“

ThorIce, Traust Þekking, Frost, Hampiðjan, Samhentir, Skaginn, Samey, Vélæg, Prómens Dalvík, Sjónvélur, Pólar toghlerar, Héðinn, Kæling, Dis, Marport, Egill, Martak, Prómens Temptra, Borgarplast, 3X, Hleragerðin.